

Alþingi
Umhverfis- og samgöngunefnd
101 Reykjavík

Norðurland eystra, 15. maí 2023

Efni: Umsögn SSNE um mál 941 - frumvarp um uppbyggingu og rekstur flugvalla og þjónustu við flugumferð.

Hér fyrir neðan má finna umsögn stjórnar SSNE um mál 941 - frumvarp um uppbyggingu og rekstur flugvalla og þjónustu við flugumferð.

Stjórn SSNE getur tekið heilshugar undir markmið frumvarpsins, sem er að flugvellir landsins og þjónusta við flugumferð þjóni þörfum samfélagsins á umhverfislega sjálfbæran hátt með skilvirkni, hagkvæmni og öryggi í fyrirrúmi í samræmi við stefnu stjórnvalda í samgöngumálum. Með lögnum yrði tryggt að á landinu verði til staðar varaflugvallarþjónusta fyrir Keflavíkurlugvöll.

Þessi markmið laganna eru í góðu samræmi við stefnumörkun stjórnvalda eins og hún kemur m.a. fram í flugstefnu fyrir Íslands þar sem lögð var sérstök áhersla á uppbyggingu öflugs kerfis flugvalla sem svara þörfum þjóðarinnar. Þar var jafnframt lögð áhersla á að stutt verði við uppbyggingu Akureyrar- og Egilsstaðaflugvalla sem alþjóðlegra fluggátta og þannig að þeir mæti sem best þörfum flugrekenda fyrir varaflugvelli hér á landi.

Þó að varaflugvellir séu nú þegar til staðar þá er ljóst að eftir að fyrirkomulagi var breytt varðandi varaflugvallagjald hefur uppbygging þessara mikilvægu innviða nánast stöðvast og mikil innviðaskuld safnast upp. Það er sérstaklega óheppilegt með hliðsjón af því hversu mikið umferðin um Keflavík hefur vaxið og mikilvægi varaflugvallanna samhliða. Hér er einnig um að ræða stórt þjóðaröryggismál en eins og dæmin sanna þá er nauðsynlegt að vera með öflugum varaflugvelli og fleiri gáttir inn í landið. Þannig má nefna þegar Keflavíkurlugvöllur lokaðist vegna eldgoss í Eyjafjallajökli og auk þess sem hafa þarf í huga aukið mikilvægi varaflugvallanna nú þegar eldsumbrotatímar virðast hafnir á Reykjanesinu.

Það er nauðsynlegt að hafa í huga að flugvallainnviði er ekki hægt að byggja upp á einni nóttu og er staðan nú þannig að óhjákvæmilegt er að fara í bæði fjárfestingar og viðhald á varaflugvöllunum þannig að þeir séu örugglega til reiðu ef eitthvað kemur upp á. Eins og fram kemur í greinargerð frumvarpsins þá liggur fyrir greining á því hvaða innviðauppbbyggingu þarf að ráðast í á Akureyri og liggur mikilvægi þeirrar uppbyggingu sannarlega fyrir hvað varðar flugöryggi, en ekki síður hvað varðar hinum óteljandi tækifærum sem felast í uppbyggingu á Akureyrarflugvelli, þá bæði til aukinna farþega- og vöruflutninga.

Stjórn SSNE áréttar mikilvægi þess að þetta frumvarp nái fram að ganga, en með samþykkt þess mætti hefja uppbyggingu flugvallanna strax.

Fulltrúar SSNE eru ávallt reiðubúin til að eiga samtalið við ráðuneytið vegna málsins.

Fyrir hönd stjórnar SSNE,

Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, framkvæmdastjóri SSNE